

## Samtök orkusveitarfélaga 13. stjórnarfundur

Árið 2013, miðvikudaginn 5. júní kl. 11:00 kom stjórn Samtaka orkusveitarfélaga saman til símafundar. Fundinn sátu: Stefán Bogi Sveinsson, Bryndís Gunnlaugsdóttir, Dagbjört Jónsdóttir og Sveinn Steinarsson.

Að auki sat fundinn Valur Rafn Halldórsson, starfsmaður Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fundargerð var færð í tölvu og ritaði Bryndís Gunnlaugsdóttir fundargerð.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Fjármál samtakanna

Almenn yfirferð um fjárhagsstöðu sambandsins

### 2. Fundur með Landsvirkjun

Almenn ánægja er með fundinn með Landsvirkjun. Þar kom fram að samhljómur er með SO og Landsvirkjunar í nokkrum atriðum er en ekki öllum.

### 3. Verkefnaáætlun

Samþykkt að senda erindi til fjármálaráðherra og iðnaðarráðherra og óska eftir fundi.

Samþykkt að leita tilboða í að fá norska kerfið heimfært yfir á íslenskar aðstæður svo hægt sé að sjá útreikninga á skattgreiðslum ef kerfið væri tekið upp hér á landi.

### 4. Orkufundur 2013

Orkufundur 2013 verður haldinn þann 4. október 2013 á Hilton í tengslum við fjármálaráðstefnu Sambands íslenskra sveitarfélaga

### 5. Stefnumörkun stjórnar

Stefnumörkun stjórnar hefur verið send aðildarsveitarfélögum til umsagnar

### 6. Önnur mál

LVK – samtök orkusveitarfélaga í Noregi verða á Íslandi 12.-14. júní og óska eftir því að fulltrúi SO komi og segi frá starfseminni. SBS mun afla frekari upplýsinga og senda til stjórnarmanna.

Fundi slitið kl.11:30